

Borgarráð

### *Sundlaug í Fossvogsdal*

Lagt er til að borgarráð samþykki að gera ráð fyrir sundlaug við deiliskipulag í Fossvogsdal, nálægt Fossvogsskóla og Snælandsskóla um miðbik dalsins, í samræmi við niðurstöður sameiginlegs starfshóps Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Þá skal efna til hönnunarsamkeppni um sundlaugina sem Reykjavíkurborg og Kópavogsbær skulu standa saman að.


Greinargerð:

Þann 24. október 2012 var skipaður starfshópur um Sundlaug í Fossvogsdal með erindisbréfi borgarstjóra og bæjarstjóra Kópavogs. Hlutverk starfshópsins var að skoða mögulega staðsetningu sundlaugar í Fossvogsdal, á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs og gera tillögu um þá staðsetningu sem væri heppilegust. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum í júlí 2013 og eru þær meðfylgjandi. Starfshópurinn lagði til að sundlaug í Fossvogsdal yrði staðsett í miðjum dalnum og gæti hún þá nýst fyrir skólasund á vegum beggja sveitarfélaganna auk þess sem hún yrði hverfissundlaug fyrir Fossvogsbúa beggja vegna dalsins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Niðurstöður starfshóps um sundlaug í Fossvogsdal, dags. júlí 2013





Málsnr.: R 12010101  
Skjalasafn Ráðhúss  
15. ágú. 2013  
Bréfalykill: 35813

# Sundlaug í Fossvogsdal

Niðurstöður starfshóps á vegum  
Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar

Júlí 2013

## 1. INNGANGUR

Í erindisbréfi starfshóps um sundlaug í Fossvogsdal kemur fram að tilgangur starfshópsins sé að skoða mögulega staðsetningu sundlaugar í Fossvogsdal, á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs og gera tillögu um þá staðsetningu sem þykir heppilegust. Staðsetning sundlaugar verði fest í nýju aðalskipulagi beggja sveitarfélaganna.

Starfshópurinn skipa eftirfarandi fulltrúar frá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar  
Margrét Leifsdóttir, arkitekt umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur  
Ómar Einarsson, sviðsstjóri íþróttá og tómstundasviðs Reykjavíkur  
Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs  
Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs  
Jón Júlíusson, íþróttafulltrúi í Kópavogi

Starfsmaður starfshópsins er Ragnheiður Stefánsdóttir, deildarfulltrúi á skrifstofu borgarstjórnar.

Leitað hefur verið eftir samráði við helstu hagsmunaaðila við Fossvoginn. Starfshópurinn hélt fund með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og deildarstjóra grunnskóladeildar menntasviðs Kópavogsbæjar. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum úr hverfisráði Háaleitis og Bústaða, hópi áhugafólks í Reykjavík um byggingu sundlaugar í Fossvogi, íbúasamtökum Fossvogs og Bústaða og hverfisráði Digraness auk fulltrúa foreldra úr skólaráði Snælandsskóla.

Í greinargerðinni er fjallað um valkosti um staðsetningu og gerð sundlaugar í Fossvogsdal ásamt því að gerð er grein fyrir helstu forsendum sem taka þarf tillit til. Fjallað er um mögulega gerð og stærð sundlaugar, landrýmisþörf og aðkomu gesta. Gert verður stuttlega grein fyrir kostum og göllum hvers staðarvalkosti og gerð tillaga að staðsetningu sem mælt er með að fest verði í aðalskipulagi beggja sveitarfélaga. Starfshópurinn taldi sig ekki hafa nægjanlegar forsendur á þessu stigi máls til að gera tillögu að skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar sundlaugarinnar og mælir með því að slík vinna bíði endanlegrar niðurstöðu skipulagsvinnunnar.

## 2. SKIPULAGSÁÆTLANIR

### 2.1 Aðalskipulag

Í sveitarfélögunum tveimur eru í gildi aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og aðalskipulag Kópavogs 2000-2012. Bæði Reykjavíkurborg og Kópavogur vinna nú að endurskoðun aðalskipulags og er séð fyrir endann á þeirri vinnu í báðum sveitarfélögunum.

Í gildandi aðalskipulagi Kópavogs er svæðið milli byggðar norður að bæjarmörkum skilgreint sem opið óbyggt svæði. Um miðbik dalsins, norður og austur af Fossvogsskóla er landnotkun skilgreind sem íþróttasvæði HK að bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Í aðalskipulagi borgarinnar er svæðið norðan lögsögumarka að neðstu byggð í Fossvogsdal skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota en ekki auðkennt sérstaklega sem íþróttasvæði.

Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er svæðið í Fossvogsdal skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og verður það óbreytt í endurskoðuðu aðalskipulagi. Svæðið er kallað Fossvogsdalur – op3 og skilgreint sem opið svæði og hefur m.a. verið skilgreint á eftirfarandi hátt: „*Meginstefna í skipulagi svæðisins er að auka við fjölbreytni svæðisins til margþættrar útivistar, íþróttastarfsemi og afþreyingar ásamt ræktunarsvæði. Lega dalsins mitt á milli Kópavogs og Reykjavíkur gerir svæðið ákjósanlegt til frekari uppbyggingar í þá veru.*“

Auk þess er gert ráð fyrir að byggja sundlaug sem þjóni skólasundi og hverfislaug fyrir íbúa beggja vegna dalsins. Umferð vegna sundlaugar verði haldið í lágmarki, þar sem lögð er áhersa á gangandi og hjólandi umferð.


## 2.2 Deiliskipulag

Í Reykjavík liggur fyrir samþykkt deiliskipulag frá 18. júní 2009 sem tekur á göngu- og hjólastígum í Fossvogsdal á landi Reykjavíkurborgar. Ef koma á fyrir sundlaug í dalnum þyrfti að breyta deiliskipulagi þessu.

Í Kópavogi er til deiliskipulag af íþróttasvæði HK frá 18. apríl 2008 sem sýnir m.a. hluta gervigrasvallar og skólavöll norðan sveitarfélagsmarkanna og að deiliskipulagssvæðið nái 0.53 ha inn í lögsögu Reykjavíkur. Deiliskipulag hefur ekki verið unnið af öðrum opnum svæðum í Fossvogsdal innan lögsögu Kópavogs.

Deiliskipulag af austurhluta Fossvogsdals, frá íþróttasvæði HK að Smiðjuvegi/Störnugróf var samþykkt 18.6. 1996. Þar eru m.a. afmarkaðir 5,3 hektarar sem íþróttasvæði Víkings stækkaði inn í lögsögu Kópavogs skv. samþykkt bæjarstjórnar 18.7. 1993.

Samþykkt skipulag liggur einnig fyrir af Fossvogsdal milli íþróttasvæðis HK og Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, sk. Fossvogsmýri. Kópavogsbær og Reykjavíkurborg unnu sameiginlega að skipulagi og endurgerð þessa svæðis 2001-2002.



Mynd 1: Deiliskipulag í Fossvogsdal samþykkt 18. júní 2009.

### 3. Helstu valkostir að staðsetningu sundlaugar. Kostir og gallar.

Í vinnu starfshópsins var unnið með þær fjórar staðsetningar sem hingað til hafa helst vera talin koma til greina. Þar var um að ræða tvær staðsetningar í austanverðum dalnum þ.e. nálægt athafnasvæði Víkings annars vegar og hins vegar svæði við Blesugróf. Einnig var skoðað svæði í miðjum dalnum auk svæðis við gróðrarstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í vestanverðum dalnum.



Mynd 2: Valkostir að staðsetningu Fossvogsskólans

Við umfjöllun starfshópsins um mögulega staðsetningu var lögð áhersla á að aðgengi þyrfti að vera sambærilegt frá báðum sveitarfélögum. Nauðsynlegt væri að tryggja að staðsetning og eðli sundlaugarinnar hafi ekki í för með sér aukna bílaumferð um íbúðahverfin sitt hvoru megin við dalinn. Snemma komu upp hugmyndir um að staðsetning sundlaugarinnar í Fossvogsdal bjóði upp á möguleika að gera ráð fyrir því að gestir komi gangandi eða hjólandi, ekki verði gert ráð fyrir bílastæðum fyrir gesti við sundlaugini en hægt væri að gera ráð fyrir gönguleiðum frá bílastæðum Fossvogsskóla og Snælandsskóla.

#### 3.1. Svæði við gróðrarstöðina við Sléttuveg.

Við umfjöllun starfshópsins um staðsetningu í vestanverðum dalnum voru þrjú svæði þar helst rædd, svæði gróðrarstöðvar Skógræktarfélags Reykjavíkur, Vigdísarlundur og grænt svæði vestan gróðrarstöðvarinnar. Starfshópurinn kannaði eignarhald lands sunnan og austan við gróðrarstöðina við Sléttuveg en hluti af svæðinu sem kom til skoðunar er eignarland sem liggur sunnan gróðrarstöðvar og norðan við Lundarsvæðið. Fram komu efasemdir um að raunhæfni þess að leysa landið til sín vegna uppbyggingarinnar. Einnig komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að enga lausn sé að finna á aðkomuleið úr Kópavogi inn á svæði gróðrarstöðvarinnar í ljósi þess að hvorki er mögulegt að fara í gegnum Lundarsvæðið né um Birkigrund.

#### 3.2. Svæði í austanverðum dalnum

Við umfjöllun um staðsetningu í austanverðum dalnum kom fljótlega fram að hún myndi hafa í för með sér aðgengisvanda en aðalaðkoma að því svæði í dag er um Stjörnugróf. Í umræðu um austursvæðið kom fram að möguleg aðkoma frá Kópavogi myndi fara um

Kjarrhólma. Starfshópurinn var sammála um að staðsetning í austanverðum dalnum myndi geta haft í för með sér aukið álag á báðar göturnar en nú þegar hafa íbúar á svæðinu haft uppi mótmæli vegna umferðar sem tengist athafnasvæði Víkings.

Allt svæðið sunnan íþróttasvæðis Víkings og Gróðrarstöðvarinnar Merkur er trjásafn og skrúðgarður sem unnið hefur verið að síðan 1997 og er nú orðið eitt hið stærsta sinnar tegundar hérlendis. Hluti trjásafnsins er svonefndur Yndisgarður sem er tilrauna- og sýnireitur í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Um hann er í gildi samningur sem nær til 2020.

Í tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs er trjásafnið allt sett undir hverfisvernd.

### 3.3. Svæði í miðjum dalnum

Í vinnu starfshópsins var miðjusvæði skoðað rækilega en í upphafi var það talið koma síst til greina m.a. vegna þess að það myndi hafa í för með sér breytta ásýnd dalsins. Eftir nánari skoðun og samanburð var ákveðið að vinna áfram með þá staðsetningu sérstaklega í ljósi þess að það var talið henta skólunum best. Unnið var áfram með hugmynd um litla sundlaug sem þjónaði skólasundi á daginn og almenningi eftir lok skóladags. Ekki er unnt að gera ráð fyrir bílastæðum við laugina, aðgengi þarf að miðast aðallega við gangandi og hjólandi þó þannig að hægt sé að nýta bílastæði við skólabyggingarnar og ganga þaðan að lauginni. Taka þarf tillit til þess við endanlega staðsetningu laugarinnar að stórt ræsi er að finna í miðjum dalnum.

Var það niðurstaða starfshópsins að mæla með staðsetningu í miðjum dalnum með þeim fyrirvörum sem fram koma í umfjöllun um gerð og stærð sundlaugar.

## 4. Sundlaugin sjálf. Stærð, gerð og hugmyndafræði.

### 4.1. Skólasundlaug

Starfshópurinn kynnti sér fyrirkomulag og kostnað við skólasund í þeim skólum sem liggja nálægt Fossvogsdal. Rúmlega 400 nemendur í Snælandsskóla sækja skólasund sem nú fer fram í Kópavogslaug en það tekur rúmar 10 mínútur að aka börnum úr Snælandsskóla í skólasund aðra leið. Ekki er talið að Kársnesskóli og Álfhólsskóli myndu nýta sér sundlaug í miðjum Fossvogsdal fyrir skólasund. Rúmlega 300 nemendur í 15 manna hópum úr Fossvogsskóla stunda nú skólasund í Laugardalslaug. Ekið er með hópana fimm daga vikunnar. Tíminn sem fer í akstur fyrir hvern hóp er 40 mín, 20 mín. hvora leið. Starfsmaður skólans fylgir 6, 7 og 8 ára nemendum í skólasund. Gera má ráð fyrir því að beinn kostnaður við skólasund þ.e. akstur og leigu, í báðum skólum sé u.þ.b. kr. 1.200.000.- á hverjum mánuði.

Starfshópurinn var sammála um að nauðsynlegt væri að gera ráð fyrir góðum og vel upplýstum gönguleiðum frá báðum skólunum ef farin verður sú leið að láta börnin ganga frá Fossvogs- og Snælandsskóla í skólasund. Það var talið afar mikilvægt að staðarvalið sé sem næst þeim tveimur skólum sem koma til með að nýta hana mest. Talið er að Réttarholtsskóli geti jafnvel líka nýtt sundlaug í dalnum og sparað sundakstur.

Það er jafnframt talinn vera möguleiki að staðsetja sundlaugina við annan hvorn skólann, Fossvogs- eða Snælandsskóla, m.a. til að nýta þá aðstöðu, vinnuafli o.fl. sem er þegar til staðar í skólunum en endanlega staðsetningu í/við dalinn þarf að skoða við vinnslu deiliskipulags.

#### 4.2. Stærð og gerð sundlaugar

Við umfjöllun starfshópsins um stærð og gerð sundlaugar var farið yfir reynslu af skólasundlaugum við Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla. Þær sundlaugar hafa lítið verið nýttar af almenningi sem gerir almenna kröfu um að a.m.k. einn heitur pottur fylgi sundlaug. Starfshópurinn mælir því með að stefna beri að skjólgóðri útilaug með a.m.k. einum heitum potti, að lágmarki 25 m. langri og 12,5 m. breiðri. Dýpt útilauga sem þarf að nýtast almenningi og til kennslu þarf að vera á bilinu 0.70 m. til 1.10-1.80 m. Þótt Fossvogurinn sé skjólgóður þá þarf að hafa í huga að skjól við útilaug til kennslu, þurfi jafnframt að skapa með rétttri hönnun og gróðri og er talið tilvalið að stefna að hönnunarsamkeppni um mannvirkið þegar kemur að framkvæmdum. Ekki er mælt með því að koma fyrir rennibrautum né leiksvæðum til þess að leggja áherslu á tilgang sundlaugarinnar þ.e. útilaug sem þjónar skólasundi á daginn og hverfinu eftir skólatíma. Gera má þó ráð fyrir því að sundlaug í Fossvogsdal gæti orðið vinsæl á sumrin, bæði hjá íbúum í dalnum sem og hjá útivistarfólki sem kemur gangandi eða hjólandi í dalinn. Of mikil ásókn gæti skapað vanda vegna umferðar og grípa þarf til ráðstafana til að Fossvogslaug verði ekki í beinni samkeppni við aðrar laugar, heldur fyrst og fremst þjóna skólasundi fyrir skólana og íbúana í dalnum.

#### 5. Helstu niðurstöður

Starfshópurinn leggur til að í tillögum að nýjum aðalskipulagstillögum Reykjavíkur og Kópavogs verði gerð tillaga að sundlaug í Fossvogsdal sem staðsett verði í miðjum dalnum. Sýna skal staðsetningu á skematískan hátt sem gerir það mögulegt að koma sundlauginni fyrir innan þess svæðis, jafnvel á þann hátt að unnt sé að tengja hana við skólabýggingar Fossvogs- eða Snælandsskóla. Jafnframt þarf að taka tillit til ræsisins við endanlega staðsetningu. Í greinargerð skal tilgreina að gert verði ráð fyrir að á svæðinu megi byggja sundlaug þar sem fram fari skólasund á vegum beggja sveitarfélaga auk þess sem hún geti nýst sem hverfissundlaug fyrir Fossvogsbúa beggja vegna dalsins. Einungis skal gera ráð fyrir aðkomu bíla vegna aðfanga og til að uppfylla kröfur vegna fatlaðra sundlaugagesta. Að öðru leyti er um að ræða „græna“ sundlaug þar sem gert er ráð fyrir því að gestir laugarinnar komi gangandi eða hjólandi.

Helga Björk Laxdal


Anna Birna Snæbjörnsdóttir

Margrét Leifsdóttir



Steingrímur Hauksson

Jón Júlíusson



Ómar Einarsson